

Borgarráð 11. ágúst 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gagnaleka

Í kjölfar fréttu um gagnaleka í vefþjónustu sem starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa notað í einhverjum mæli, hefur fulltrúi Flokks fólksins áhuga á að vita hvort ekki sé lengur skannað eftir því hvaða hugbúnaður er notaður á tölvum Reykjavíkurborgar. Einnig vill fulltrúinn fá að vita hvort vitað sé hversu margir starfsmenn borgarinnar eru með stjórnandaréttindi á sínum tölvum og hvernig staðið er að því að úthluta þessum réttindum til að geta sett upp hvaða hugbúnað sem er á tölvum borgarinnar.